

## A 1769/tillväxt

Afgreiðsla Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

Nefndarálit norrænu hagvaxtar- og þróunarnefndarinnar um  
**þingmannatillögu um góð starfsskilyrði í siglingum****Tillaga**

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

*að hún beiti sér gegn tillögum sem hafa í för með sér félagsleg undirboð í siglingum og að hún styðji við regluverk sem verndar norræna líkanið af launa- og starfsskilyrðum.*

**Bakgrunnur**

Á Norðurlöndum er hefð fyrir því að hafa starfsskilyrði og félagslegt öryggi fólks í fyrirrúmi. Norrænu löndin eiga öll að beita sér fyrir því að tryggja starfsskilyrði og félagslegt öryggi á vinnumarkaðnum í heild og þá einnig meðal starfsfólks í útgerð.

Frjáls för milli landa er af hinu góða en þá verða að gilda sameiginlegar leikreglur þar sem samkeppni er háð á sanngjörnum og jöfnum forsendum. Frjáls för fólks á milli landa á ekki að gera útgerðum kleift að ráða til sín starfsfólk frá láglaunalöndum þar sem starfsskilyrði eru slæm og eftirlit örðugt.

Félagsleg undirboð, það er að segja óviðunandi lág laun og slæm starfsskilyrði, eru ekki eingöngu vandamál starfsmannanna sjálfra. Þau hafa áhrif á allt starfsfólk á vinnumarkaðnum. Hér er einnig um réttlát samkeppnisskilyrði að tefla. Félagsleg undirboð afbaka samkeppnismarkaðinn fyrir þeim meirihluta fyrirtækja sem virðir reglurnar. Við viljum að fyrirtæki keppi á grundvelli mikilla gæða og framleiðni en ekki ömurlegra launa.

Félagsleg undirboð verða ekki liðin og siglinga-/flutningageirinn er afar mikilvægt svið þar sem launa- og starfskjörum er ógnað og því er nauðsynlegt að grípa til ráðstafana sem koma í veg fyrir slæma þróun á sviði öryggis, launa og starfsskilyrða.



Nefndin styður baráttu stéttarfélaganna á Norðurlöndum gegn félagslegum undirboðum og jafnframt meginreglur vinnumarkaðarins sem grundvallast á samningum milli aðila hans um norræn laun og starfsskilyrði, en þau snerta alla sem starfa meðal annars við siglingar og í norrænum höfnum og/eða hafa daglegt viðurværi af inn- og útsiglingum í höfnum Norðurlanda.

#### **Álit nefndarinnar**

Fjallað var um þingmannatillögu jafnaðarmanna, sem nefndarálit þetta byggist á, á fundi nefndarinnar í Nuuk 13. september 2018.

Á fundinum spunnust umræður um þær reglubreytingar sem fela í sér að félög í ferjusiglingum á Norðurlöndum geti skráð sig erlendis með öllu því sem fylgt getur hvað varðar ráðningarsamninga og lakari vinnuaðstæður. Í Danmörku er þetta nú þegar gengið í gildi. Í Noregi er þetta enn ekki komið á hreint. Nefndin telur að Norðurlandaráð verði að afla sér upplýsinga um afstöðu og ætlun landanna varðandi þessar reglubreytingar.

Kaupmannahöfn, 17. október 2018

*Arto Pirttilahti (cent)*

*Henrik Brodersen (DF)*

*Håkan Svanberg (V)*

*Juho Eerola (saf)*

*Katri Kulmuni (cent)*

*Mikael Staffas (Lib)*

*Orla Hav (S)*

*Pyry Niemi (S)*

*Ruth Mari Grung (A)*

*Stein Erik Lauvås (A)*

*Torgeir Knag Fylkesnes (SV)*

*Ville Skinnari (sd)*